



**GARÐABÆR**

**SLÁTTUR OG HIRÐING Í GARÐABÆ  
2022 - 2024**

**Útboðs- og verklýsing**

**Garðabær  
Febrúar 2022**

<b>0.</b>	<b>ÚTBODSLÝSING .....</b>	<b>3</b>
0.1	ÚTBODSSKILMÁLAR .....	3
0.1.1	Almenn lýsing.....	3
0.1.2	Útboðsform - Útboðsyfirlit.....	3
0.1.3	Kröfur um hæfi bjóðenda .....	3
0.1.4	Lauslegt yfirlit yfir verkið.....	5
0.1.5	Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun.....	5
0.1.6	Verksamningur – Verkáætlun.....	5
0.1.7	Framkvæmdatími – verklok.....	6
0.2	UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFAR OG EFTIRLIT .....	6
0.2.1	Verkkaupi.....	6
0.2.2	Ráðgjafar.....	6
0.2.3	Eftirlit verkkaupa .....	6
0.3	ÚTBODSGÖGN – LÖG - REGLUGERÐIR – STAÐLAR .....	7
0.3.1	Útboðsgögn .....	7
0.3.2	Skýringar á útboðsgögnum.....	7
0.3.3	Uppdrættir og lýsingar.....	7
0.3.4	Reglugerðir og leiðbeiningar .....	7
0.3.5	Undirverktakar.....	8
0.4	TILBOÐ.....	8
0.4.1	Gerð og frágangur tilboðs.....	8
0.4.2	Tungumál .....	9
0.4.3	Fylgigögn með tilboði .....	9
0.4.4	Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs .....	10
0.4.5	Afturköllun tilboða .....	10
0.4.6	Skilafrestur og opnun tilboða .....	11
0.4.7	Meðferð og mat á tilboðum .....	11
0.4.8	Réttarræði bjóðenda .....	11
0.4.9	Frekari upplýsingar á síðari stigum.....	11
0.4.10	Þóknun fyrir gerð tilboðs.....	12
0.5	GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR.....	12
0.5.1	Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir .....	12
0.5.2	Framlag verkkaupa .....	12
0.5.3	Breytingar á verkinu.....	12
0.5.4	Frestir – Tafabætur (dagsektir), fávíti .....	13
0.5.5	Greiðslur, magntölur og reikningsskil .....	13
0.5.6	Verðlagsgrundvöllur .....	14
0.5.7	Fyrirframgreiðsla.....	14
0.5.8	Gæðastjórnun.....	14
0.5.9	Vanefndir og uppsögn .....	14
0.5.10	Atvinnuleyfi.....	14
0.5.11	Yfirlýsing .....	14
0.6	ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL.....	14
0.6.1	Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld.....	14
0.6.2	Framkvæmdatrygging – verktrygging .....	15
0.6.3	Veðsetningar – eignarréttarfyrirvarar .....	15
0.6.4	Misræmi í gögnum.....	15
0.6.5	Ágreiningsmál .....	15
0.7	VINNUSTAÐUR .....	16
0.7.1	Athafnasvæði.....	16
0.7.2	Aðstaða.....	16
0.7.3	Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira.....	16
0.7.4	Umgengni á vinnusvæði .....	16
0.7.5	Öryggi á vinnusvæði.....	16
0.7.6	Réttindi, skirteini og tryggingar .....	16
0.7.7	Viðbrögð við brotum á öryggisreglum .....	17
0.8	FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS.....	17
0.8.1	Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir.....	17
0.8.2	Gæði verksins.....	17

0.8.3	Úttekt.....	17
0.9	VIÐAUKAR (SÓTT Á VEFSÍÐU GARÐABÆJAR).....	18
0.9.1	Lofmyndskrá.....	18
0.9.2	Umhirðuplan.....	18
0.9.3	Verkátlanir.....	18
<b>1.</b>	<b>VERKLYSING.....</b>	<b>19</b>
1.1	ALMENNT.....	19
1.1.1	Almenn ákvæði og skyldur.....	19
1.1.2	Tilhögun vinnutíma.....	19
1.1.3	Sérstakir dagar eða helgar.....	19
1.1.4	Upphirða og losun efnis.....	19
1.1.5	Tillit til gangandi og akandi.....	19
1.1.6	Umgengni við gróður og mannvirki.....	19
1.1.7	Dagbók verktaka.....	20
1.1.8	Tæki og vélbúnaður og umgengni.....	20
1.2	GRASSLÁTTUR.....	21
1.2.1	Útboðssvæði 1.....	21
1.2.2	Sláttustig 1 (slegið á tveggja vikna fresti).....	21
1.2.3	Sláttustig 2 (slegið á þriggja vikna fresti).....	21
1.2.4	Sláttustig 3 (slegið með Vegagerðinni).....	22
1.3	ÚTBOÐSSVÆÐI 2.....	22
1.3.1	Sláttustig 1 (slegið á tveggja vikna fresti).....	22
1.3.2	Sláttustig 2 (slegið á þriggja vikna fresti).....	22
1.4	ÚTBOÐSSVÆÐI 3.....	23
1.4.1	Grasmanir (slegið á fjögurra vikna fresti).....	23
<b>2.</b>	<b>FYLGISKJÖL.....</b>	<b>24</b>
2.1	FORM FRAMKVÆMDATRYGGINGAR.....	24

**0. ÚTBOÐSLÝSING****0.1 ÚTBOÐSSKILMÁLAR****0.1.1 Almenn lýsing**

Garðabær, Garðatorgi 7, kt.: 570169-6109 óskar eftir tilboðum í verkið:

**SLÁTTUR OG HIRÐING Í GARÐABÆ 2022 – 2024 (EES útboð)**

Heimilisfang umsjónaraðila útboðs:

**Garðabær**

**Garðatorgi 7, 210 Garðabæ**

**Sími 525 8500**

Umsjónaraðili útboðs f.h. Garðabæjar:

Bjarklind&Kemp ehf., Magnús Bjarklind

e-mail: [magnus.bjarklind@bjarkir.is](mailto:magnus.bjarklind@bjarkir.is)

Verkið skal vinna samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari, ásamt þeim gögnum sem vísað er til.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum.

Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og sundurliða í tilboðsskrá.

Tilboð skal miða við föst einingaverð. Verðlagsgrundvöllur sjá gr. 0.5.6.

**0.1.2 Útboðsform - Útboðsyfirlit**

Útboðið er almennt opið útboð eins og lýst er í grein 1.2.2 í ÍST30:2012. Útboðið er auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

**Útboðsyfirlit**

• Kynningarfundur	Enginn.	Sjá nánar gr. 0.1.5
• Fyrirspurnarfrestur útrunninn	4. mars 2022.	Sjá nánar gr. 0.3.2
• Svarfrestur útrunninn	10. mars 2022.	Sjá nánar gr. 0.3.2
• Opnunartími tilboða	15. mars 2022 kl. 11:00.	Sjá nánar gr. 0.4.6
• Gildistími tilboða	4 vikur eftir opnun	Sjá nánar gr. 0.4.4
• Opnunarstaður tilboða	Ráðhús Garðabæjar	Sjá nánar gr. 0.4.6
• Kröfur um hæfi bjóðenda	Reynsla og tæknileg geta	Sjá nánar gr. 0.1.3
• Fylgigögn með tilboði:		Sjá nánar gr. 0.4.2

**0.1.3 Kröfur um hæfi bjóðenda**

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum í samræmi við grein 69 í lögum nr. 120/2016, lög um opinber innkaup. Hæfi bjóðenda verður metið á eftirfarandi viðmiðum:

**A. Kröfur um hæfni, reynslu og tæknilega getu:**

Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð þess verksamnings hafi að lágmarki verið 60% af tilboði í þetta verk.

Yfirstjórnandi (verkefnisstjóri/verkstjóri) verks skal hafa á sl. 5 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. 60% af tilboði bjóðenda í þetta verk.

Bjóðandi skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda véla og tækja til að uppfylla kröfur um gæði og geta fullnægt verk- og tímaáætlun verkkaupa.

Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi.

Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu áhættumati vegna öryggis og heilbrigðis á vinnustað.

**B. Fjárhagsstaða bjóðenda:**

Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár hafi að lágmarki verið sem nemur 80% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts.

Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstrarhæfi.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld þegar hann skilar inn tilboði.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna þegar hann skilar inn tilboði.

**C. Krafa um eðlilega viðskiptasögu:**

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldprot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

**D. Aðrar upplýsingar**

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirtaldar upplýsingar. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaupi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboðinu. Farið verður með þessar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, ef þær eru þess eðlis.

- Síðast gerðum endurskoðuðum ársreikningi, árituðum án fyrirvara um rekstrarhæfi félags af löggiltum endurskoðanda. Sé síðasti ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða hann sýnir neikvæða eiginfjárstöðu er heimilt að leggja fram yfirlýsingu án fyrirvara um jákvæða eiginfjárstöðu frá löggiltum endurskoðanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu bjóðanda eigi fyrr en viku fyrir opnunardagsetningu tilboða.
- Yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að bjóðandi muni fá verktryggingu vegna verksins, án skilyrða.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Ef bjóðandi hefur, að mati verkkaupa, ekki tæknilega, fjárhagslega eða faglega getu til að framkvæma verkið er áskilinn réttur til að hafna tilboði hans.

Verkkaupi metur tilboð bjóðanda m.a. af ofangreindum upplýsingum og eru þær bindandi fyrir þann verktaka sem samið verður við.

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardeggi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings.

#### 0.1.4 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verkið felur í sér grasslátt og heyhirðu á opnum svæðum svæðum í Garðabæ, samkvæmt nánari tilvísun verkkaupa, alls um 76 hektarar (759.682 m<sup>2</sup>).

Sláttusvæðum er skipt í þrjú útboðssvæði, þ.e. Svæði 1, Svæði 2, og Svæði 3. Svæði 3 inniheldur eingöngu manir.

Verktaka er heimilt að bjóða í eitt, tvö eða í öll útboðssvæðin. Sjá nánar í tilboðsbók.

Gerður verður samningur um verkið til þriggja ára.

Verkkaupi vekur athygli á að umhirðuplan og verkáætlun Garðyrkjustjóra í Garðabæ (sjá fylgiskjöl) getur tekið breytingum á útboðstímabilinu. Verkkaupi áskilur sér rétt til gera breytingar á stærðum einstakra útboðssvæða. Einnig áskilur verkkaupi sér rétt til að gera breytingar og á sláttustigi viðkomandi svæðis, þ.e. fjölga eða fækka sláttuskiptum um eitt skipti.

Sjá einnig í lið 0.5.3, Breytingar á verkinu.

#### Sláttustig útboðssvæða

- 1.Stigs grassvæði (slegið á u.þ.b. tveggja vikna fresti). Viðmiðunarfjöldi sláttu og heyhirðu er 7 skipti á ári. Nota skal venjulegan sláttubúnað. Heimilt er, með samþykki verkkaupa, að nota tvíklippi- eða fjöklippibúnað (multiclip).
- 2.Stigs grassvæði (slegið á u.þ.b. þriggja vikna fresti). Viðmiðunarfjöldi sláttu og heyhirðu er 5 skipti á ári. Nota skal venjulegan sláttubúnað. Ekki er leyfilegt að nota tvíklippi- eða fjöklippibúnað. (Nema að um annað sé samið við Garðyrkjustjóra).
- 3.Stigs grassvæði (slegið með Vegagerðinni á u.þ.b. tveggja vikna fresti). Viðmiðunarfjöldi sláttu og heyhirðu er 7 skipti á ári. Nota skal venjulegan sláttubúnað. Heimilt er, með samþykki verkkaupa, að nota tvíklippi- eða fjöklippibúnað (multiclip).
- Grasmanir. Slegið á u.þ.b. fjögurra vikna festi. Viðmiðunarfjöldi sláttu og heyhirðu er 4 skipti á ári. Nota skal sláttuorf eða þar til gerðar vélar sem slegið geta í miklum bratta. Ekki er leyfilegt að nota tvíklippi- eða fjöklippibúnað. (Nema að um annað sé samið við Garðyrkjustjóra).

Upptalningin hér að framan er ekki tæmandi og firrir ekki verktaka skyldu til að framkvæma nokkur þau verk eða leggja til vinnukraft, verkfæri, efni og þekkingu sem krafist er í útboðsgögnum.

Þau verk sem vinna skal, skulu unnin á þann hátt, á þeim stað og í þeirri röð sem krafist er í útboðsgögnum.

#### 0.1.5 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Ekki verður um kynningarfund né vettvangsskoðun að ræða en bjóðendum er bent á að kynna sér aðstæður á verkstað vel.

#### 0.1.6 Verksamningur – Verkáætlun

Áður en verksamningur er gerður skal verktaki gera ítarlega og lýsandi verkáætlun fyrir tilhögun verksins sbr. grein 3.1 og 3.3 í ÍST 30. Til grundvallar liggur umhirðuplan og verkáætlun Garðyrkjustjóra Garðabæjar og skal verktaki vinna verkáætlun sína með hliðsjón af þeim gögnum þannig að einstakir verkáfangar séu uppfylltir.

Í verkáætlun skal koma fram hvernig verktaki stendur að öllum verkþáttum verks og upplýsingar um mannskap og tæki. Verkáætlun verður hluti verksamnings. Gangi verkið ekki nógu vel fram, miðað við samþykktu verkáætlun, er verktaka skylt að fjölga starfsmönnum og tækjum eða grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana, svo að verkafangar verði tilbúnir á tilsettum tíma skv. verkáætlun.

Ef verkáætlun fer verulega úr skorðum af orsökum sem verkkaupi ber ekki ábyrgð á, er honum heimilt að neita greiðslu reikninga þar til ný samþykkt verkáætlun liggur fyrir.

Samþykki á nýrri verkáætlun, sem fer fram yfir umsaminn skiladag, þýðir ekki að verkkaupi falli frá rétti sínum til tafabóta, sjá lið 0.5.4.

Verkið nær til þriggja ára þ.e.a.s. frá undirskrift verksamnings og til 15. september 2024. Heimilt er, með samþykki beggja aðila, að framlengja samninginn um eitt ár og skal sú ákvörðun liggja fyrir 30. september 2024. Byggt skal á þeirri reynslu og gögnum sem þá eru fram komin og hefur verkkaupi úrskurðarvald.

Verði forsendubreytingar á samningstíma, t.d. breytingar á lögum eða reglugerðum, miklar magnbreytingar eða annað sem hefur veruleg áhrif á ákvæði samnings skulu aðilar koma sér saman um breytingar hans til aðlögunar og á þann hátt að sanngirnis og jafnræðis sé gætt.

Áður en verksamningur er gerður skal verktaki útvega viljayfirlýsingu frá undirverktökum (ef það á við).

### 0.1.7 Framkvæmdatími – verklok

Verkið skal unnið í samræmi við samþykktu verkáætlun ár hvert (2022, 2023 og 2024).

Verkið skal unnið samkvæmt umhirðuplani verkkaupa. Helstu tímasetningar eru:

- Sláttur skal hefjast í 21. viku vegna sláttustigs 1 og 3
- Sláttur skal hefjast í 22. viku vegna sláttustigs 2
- Sláttur hljóðmana skal hefjast í viku 23.

Öllum sláttuverkefnum skal vera að fullu lokið fyrir 1. september ár hvert.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því og um leið leggja fram nauðsynleg gögn er sýni fram á réttmæti framlengingarinnar.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðs- og samningsgögnum. Í lok hvers sumars skal aðstaða verktaka fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað að fullu.

Greiðsla lokareiknings er háð því að verkinu sé í einu og öllu lokið af hálfu verktaka.

## 0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA, RÁÐGJAFAR OG EFTIRLIT

### 0.2.1 Verkkaupi

Verkkaupi: **Garðabær, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.**

### 0.2.2 Ráðgjafar

Útboðsgögn: **Bjarklind&Kemp ehf. Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík.**

### 0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Garðyrkjustjóri Garðabæjar annast umsjón og eftirlit með verkinu. Fulltrúi verkkaupa, á staðnum, fer með daglegt eftirlit með verkinu og dagleg samskipti við verktaka. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmenn. Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um vélar, tæki, efnisval og vinnu við verk þetta.

Þar sem unnið er með lifandi efni sem háð geta verið veðurfari og öðrum þáttum, skulu verktaki og fulltrúi verkkaupa ræða saman um t.d. möguleg frávik í tímasetningu verka.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, tækjaval, stillingar eða annað, sem við kemur verkefninu skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsmanns.

Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það til úrskurðar.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits.

### 0.3 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG - REGLUGERÐIR – STAÐLAR

#### 0.3.1 Útboðsgögn

Þjóðendum verða sendir útboðs- og samningsskilmálar, verklýsing, tilboðsbók.

Umhirðuplan, verkáætlun og loftmyndir verða aðgengilegar á vef Garðabæjar:

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/utbod/utbod-i-auglysingu/slattur-og-hirding-i-gardabae>

- sbr. 0.1.2. Gögnin verða ekki afhent útprentuð.

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast neðangreind samnefnd gögn:

- a) Útboðs- og samningsskilmálar þessir, dagsett í febrúar 2022.
- b) Verklýsing og tilboðsbók, dagsett í febrúar 2022.
- b) Loftmyndir verkkaupa af sláttusvæðum.
- c) Umhirðuplan og verkáætlun Garðyrkjustjóra Garðabæjar.
- a) Íslenskur staðall ÍST-30, 6. Nýjasta útgáfa.
- e) Aðrir gildandi staðlar og gögn sem vísað er til í útboðs- og verklýsingu eða á teikningum.

ÍST 30 ásamt öðrum stöðlum eða gögnum sem vísað er til í verklýsingu. Útboðsgögn mynda eina heild og skal litið á þau í samhengi þegar útboðsgögnin eru túlkuð. Stangist ákvæði ÍST 30 á við ákvæði útboðs- og/eða verklýsingar skulu ákvæði ÍST 30 víkja.

© 2022 Athygli er vakin á því að öll notkun útboðsgagna í öðrum tilgangi en þeim að framkvæma verkið er óheimil.

#### 0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum

Óski þjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim sem haft getur áhrif á tilboðsinnihald og tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda umsjónaraðila útboðsins (sjá kafla 0.1.1) fyrirspurn með tölvupósti þar um. Fyrirspurnin skal merkt (í subject): „Sláttur og hirða í Garðabæ 2022-2024 – skýringar”.

Svarbréf (tölvupóstur), ásamt viðeigandi fyrirspurn, verður sent öllum þeim sem sótt hafa útboðsgögn. Fyrirspurnir sem berast eftir að fyrirspurnarfrestur rennur út verða ekki teknar til greina.

Loka dagsetningar fyrirspurna og svara . Sjá kafla 0.1.2 – Útboðsform – Útboðsyfirlit.

#### 0.3.3 Uppdrættir og lýsingar

Yfirlitsmyndir af hverju útboðssvæði ásamt upplýsingum um skiptingu sláttustiga fylgja útboðsgögnum. Útboðslýsingu fylgja verklýsingar. Lýsingar þessar gilda allar jafnt í útboði og ber að líta á þær sem eina heild. Verktaki skal sjá um að undirverktakar kynni sér öll útboðsgögn, áður en tilboð er gert og meðan á verki stendur. Verktaki skal á sama hátt kynna sér þau útboðsgögn sem hann afhendir undirverktökum.

Verktaki skal sjálfur greiða fyrir kostnað við útprentun og ljósritun á gögnum og skal kostnaður sem af þessu hlýst vera innifalinn í tilboði verktaka.

#### 0.3.4 Reglugerðir og leiðbeiningar

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd.

Þjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.



Bjóðendur skulu m.a. kynna sér:

- Umferðarlög nr. 50/1987 ásamt reglugerðum
- Lögreglusamþykkt Garðabæjar, nr. 171/1988 (með síðari breytingum).
- Reglur og reglugerðir sem heyra undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum auk annarra regla sem heyra undir Vinnueftirlit Ríkisins. Sjá [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is).
- Reglur um merkingar vinnusvæða, útg. af Vegagerðinni og Lögreglunni í Reykjavík.

### 0.3.5 Undirverktakar

Verktaka er óheimilt án samþykkis verkkaupa að láta þriðja aðila ganga inn í tilboð sitt og vinna verkið allt, eða hluta þess, í sinn stað. Hins vegar er verktaka heimilt að afla undirtilboða í einstaka hluta verksins. Undirverktakar eru þá ábyrgir gagnvart aðalverktaka, en aðalverktaki ber ábyrgð á öllum hlutum verksins gagnvart verkkaupa. Öll ákvæði útboðsgagna gilda jafnt um undirverktaka og aðalverktaka.

Ef bjóðandi hyggst fá undirverktaka til verksins skal hann leggja fram með tilboði sínu nöfn undirverktaka ásamt nöfnum stjórnenda. Listi bjóðanda yfir undirverktaka er bindandi af hans hálfu. Áskilinn er réttur til að hafna boðum sem ekki innihalda þessar upplýsingar.

Verktaki skal fá skriflegt samþykki verkkaupa, fyrirfram, á undirverktökum sínum. Verkkaupi áskilur sér rétt til skoða fjárhagsstöðu undirverktaka og skil hans á lögboðnum gjöldum.

Verktaki skal sjá um að undirverktakar kynni sér öll útboðsgögn, áður en tilboð er gert og meðan á verki stendur. Verktakinn skal á sama hátt kynna sér þau útboðsgögn sem hann afhendir undirverktökum.

Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða og það á við samkvæmt venju og eðli máls.

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30 og í 77. grein laga nr. 84/2007 að því er varðar bann við gerviverktöku.

## 0.4 TILBOÐ

### 0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs

Skila skal tilboðum og öllum fylgigögnum í einu eintaki.

Tilboð skal sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsblöðum. Tilboð skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda og skal skilað í merktu lokuðu umslagi auðkennt:

#### Sláttur og hirðing í Garðabæ 2022-2024

##### TILBOÐ

[Nafn bjóðanda]

[Heimilisfang bjóðanda]

[Póstfang bjóðanda]

[Netfang bjóðanda]

Fylla skal út þá liði í tilboðsskrá sem boðið er í, þ.e. útboðssvæði 1, 2 eða 3. Heimilt er að bjóða í eitt svæði, tvö eða öll. Tilboð í hvert útboðssvæði er metið sérstaklega.

Öll verð skulu innifela virðisaukaskatt.

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

Tilboð skal gera í verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Ekki er leyfilegt að leggja fram frávikstilboð í verki þessu.

**Fylla skal út tilboðsskrá og öll önnur eyðublöð tilboðsbókarinnar eins og texti segir til um. Sé tilboðsbók ekki að fullu útfyllt áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði.**

Bjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá.

Í verklýsingu hvers verkþáttar er sérstaklega gerð grein fyrir greiðsluskilmálum og þeim reglum, sem magntölur eru reiknaðar eftir. Allar magntölur eru reiknaðar eftir málum á loftmyndum.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verkið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði o.s.frv.

Tilboðsupphæð er fundin sem summa margfelda magntalna og viðeigandi einingaverða. Ef margföldunar og/eða samlagningarskekkjur finnast í útfylltri tilboðsskrá, skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs. Aðeins einingaverð eru bindandi. Inn í tilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda, á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

**Útfyllt tilboðsskrá er trúnaðarmál milli verkkaupa og bjóðanda.**

#### 0.4.2 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku. Tungumál verksins er íslenska og öll samskipti milli verktaka (þ.m.t. undirverktaka) og fulltrúa verkkaupa (eftirlits) skulu fara fram á íslensku.

Öll gögn í verkinu eru á íslensku, m.a. teikningar og verklýsingar. Því er það ófrávíkjanleg krafa og á ábyrgð verktaka að ávallt séu á verkstað aðilar sem tryggja það að allar upplýsingar í gögnum og á loftmyndum sem og fyrirmæli eftirlits skili sér til þeirra er vinna verkið. Þetta á við um verktaka og alla undirverktaka hans.

#### 0.4.3 Fylgigögn með tilboði

Bjóðendur skulu skila inn útfylltri tilboðsskrá og undirrituðu tilboðsblaði, sjá kafla 0.4.1.

Því til viðbótar skal skila inn eftirtöldum fylgigögnum með tilboðinu:

- Lýsing á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda, sbr. grein 2.4.7 í ÍST 30.
- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði/lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé í skilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og/eða lífeyrissjóðsiðgjöld vegna starfsmanna.
- Staðfesting er sýnir fram á skuldleysi bjóðanda skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnunardag tilboða, að þeim degi meðtöldum. Geti bjóðandi ekki sýnt fram á skuldleysi sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.

Farið verður með framangreindar fjárhagsupplýsingar bjóðenda í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

**Einnig skal skila:**

- Almennar upplýsingar um bjóðanda, fyrirtæki hans og fjölda þeirra starfsmanna sem koma að verki þessu.
- Nöfn og starfsreynslu helstu stjórnenda, sem að verkinu koma.
- Nafn og starfsreynslu yfirstjórnanda verksins (sjá kröfur í lið 0.1.3).
- Upplýsingar um reynslu verktaka af sambærilegum verkum af þessari stærðargráðu (sjá kröfur í lið 0.1.3).
- Skrá yfir undirverktaka, er bjóðandi fyrirhugar að ráða til verksins (ef það á við).

- Skrá yfir vélar, tæki og búnað sem notaðar verða við verkið. Skrá yfir heiti/gerð og árgerð viðkomandi vélar og notkunarvið, þ.e. til hvers viðkomandi vél verður notuð (sjá kröfur í lið 0.1.3).

Verkkaupi skal eiga þess kost að skoða þær vélar, tæki og búnað, sem bjóðandi tilgreinir í tilboði sínu.

Ef bjóðandi hefur, að mati verkkaupa, ekki tæknilega, fjárhagslega eða faglega getu til að framkvæma verkið er áskilinn réttur til að hafna tilboði hans.

Verkkaupi metur tilboð bjóðanda m.a. af ofangreindum upplýsingum og eru þær bindandi fyrir þann verktaka sem samið verður við.

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings.

#### **Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:**

1. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.
6. Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.
7. Bjóðandi er í vanskilum með iðgjöld lífeyrissjóðs starfsmanna eða eigenda.

Við mat á því hvort skilyrði 1. - 7. töluliðar eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Bjóðendur mega búast við því að þurfa að leggja fram frekari gögn á síðari stigum, sbr. kafla 0.4.9.

**Garðabær áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem málið varðar.**

**Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki áskilur verkkaupi sér rétt til að dæma tilboð bjóðanda ógilt. Farið verður með allar upplýsingar frá þátttakendum sem trúnaðarmál.**

#### **0.4.4 Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs**

Ekki verður krafist tilboðstryggingar af hendi bjóðanda.

Frestur til að taka tilboði er samkvæmt ÍST 30, fjórar vikur frá opunardegi.

Tilboð eru bindandi í 4 vikur frá opnun þeirra.

#### **0.4.5 Afturköllun tilboða**

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

#### 0.4.6 Skilafrestur og opnun tilboða

Tilboð ásamt umbeðnum upplýsingum skulu berast til **Ráðhús Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ**, eigi síðar en: 15. mars kl.11:00. Sjá kafla 0.1.2 Útboðsform - Útboðsýfirlit.

Þar verða tilboð opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda, sem þess óska. Tilboð sem berast eftir uppgefinn opnunartíma verður ekki veitt viðtaka.

Við opnun verða lesin upp nöfn bjóðenda og heildartilboðsupphæð vegna hvers útboðssvæðis.

Þau tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðunum verða ekki opnuð.

#### 0.4.7 Meðferð og mat á tilboðum

Við val á tilboði verður einungis litið til gilda tilboða frá bjóðendum sem uppfylla kröfur kafla 0.1.3 og aðrar kröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum.

Frestur verkkaupa til að taka tilboði er 4 vikur frá opnun tilboða.

Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum og fella útboðið úr gildi.

Við mat á hagkvæmasta tilboði gildir tilboðsupphæð fyrir viðkomandi útboðssvæði, þ.e. útboðssvæði 1, 2 og 3. Bjóðanda er heimilt að bjóða í eitt, tvö eða öll útboðssvæðin. Tilboð í hvert útboðssvæði er metið ótengt öðrum útboðssvæðum. Verkkaupi áskilur sér rétt til að leita samninga við bjóðanda um eitt útboðssvæði, tvö eða öll, á grundvelli tilboðsupphæða.

Uppfylla þarf kröfur sem fram koma í köflum 0.1.3, 0.4.3 og 0.4.9. Einnig verður höfð til hliðsjónar reynsla verktaka af sambærilegum verkum, vélbúnaður og umsagnir annara verkkaupa.

Meti verkkaupi það svo að ekkert tilboðanna uppfylli kröfur útboðsgagna mun hann hafna þeim öllum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að hafna tilboði af þeirri ástæðu einni saman að eyðublöð í tilboðsbók séu ekki rétt útfyllt.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að leggja mat á hæfi verktaka samkvæmt fyrri reynslu af vinnu hans sé hún fyrir hendi.

Þeir bjóðendur sem þess óska geta fengið tilboð sín ásamt fylgigögnum endursend þegar niðurstaða útboðs liggur fyrir. Óski bjóðandi ekki eftir að fá gögn sín endursend innan þriggja mánaða frá því að niðurstaða útboðs liggur fyrir, áskilja bæjaryfirvöld sér rétt til að farga þeim.

#### 0.4.8 Réttarræði bjóðenda

Samkvæmt 85. gr. laga nr. 120/2016 eiga bjóðendur sem tilboðum var hafnað frá, rétt á rökstuðningi fyrir höfnun á tilboðum sínum, sendi þeir um það skriflega beiðni (bréf, tölvupóstur) til Garðabæjar b.t. bæjarverkfræðingur innan 14 daga frá því að bjóðanda var tilkynnt ákvörðun. Bæjaryfirvöld munu svara beiðninni eigi síðar en 15 dögum eftir að hún berst.

Í XI kafla laga um opinber innkaup, nr. 120/2016 er fjallað um kæruneftnd útboðsmála og kærufresti. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: „Kæra skal borin skriflega undir kæruneftnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.....“

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 má finna í heild sinni á slóðinni:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

#### 0.4.9 Frekari upplýsingar á síðari stigum

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirtaldar upplýsingar. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaupi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboðinu. Farið verður með þessar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, ef þær eru þess eðlis.

- Síðast gerðum endurskoðuðum ársreikningi, árituðum án fyrirvara um rekstrarhæfi félags af löggiltum endurskoðanda. Sé síðasti ársreikningur ekki endurskoðaður af

löggiltum endurskoðanda eða hann sýnir neikvæða eiginfjárstöðu er heimilt að leggja fram yfirlýsingu án fyrirvara um jákvæða eiginfjárstöðu frá löggiltum endurskoðanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu bjóðanda eigi fyrr en viku fyrir opnunardagsetningu tilboða.

- Yfirlýsingu frá banka / tryggingarfélagi, um að bjóðandi muni fá verktryggingu vegna verksins, án skilyrða.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.
- Yfirlýsingu frá aðal viðskiptabanka verktaka um skilvísi í viðskiptum.

**Farið verður með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.**

#### 0.4.10 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Ekki verður greidd þóknun fyrir gerð tilboðs.

### 0.5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

#### 0.5.1 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir

- 01 Útboðsgögn.
- 02 Eftirlit verkkaupa.

#### 0.5.2 Framlag verkkaupa

Verkkaupi leggur ekki til efni af neinu tagi til verksins.

Verktaki leggur til svæði til losunar á heyi á jarðgerðarsvæði verkkaupa við Álftanesveg, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Einungis skal losa hey sem er laust við ólifrænan úrgang, svo sem plast, gler og annað rusl. Verktaki skal ganga vel um jarðgerðarsvæðið og fylgja umgengnisreglum garðyrkjustjóra/fulltrúa verkkaupa þar að lútandi. Brot á umgengnisreglum geta leitt til févítis sbr. lið 0.5.4.

Verkkaupi leggur til svæði/aðstöðu fyrir vélar og verkfæri verktaka, sem er staðsett í Garðabæ (nánari upplýsingar veitir Garðyrkjustjóri). Verktaki skal ganga vel um svæðið og fylgja öllum umgengnisreglum fulltrúa verkkaupa þar að lútandi. Verði verktaki uppvís að brotum á umgengnisreglum hefur hann fyrirgert rétti sínum til notkunar á svæðinu. Verkkaupi áskilur sér rétt til breytinga á staðsetningu svæðis/aðstöðu á milli ára.

#### 0.5.3 Breytingar á verkinu

Breytingar geta verið eftirfarandi:

- viðbótarverk – verk á grundvelli samnings, einingarverð eru til í samningi.
- aukaverk – verð eru ekki til í samningi, komi til aukaverka skal semja um verð sérstaklega.

Verkkaupa er heimilt að krefjast breytinga á verkinu frá uppdráttum, umhirðuáætlun og verklýsingum. Verktaki á rétt á sérstakri greiðslu vegna aukins kostnaðar, sem af breytingu leiðir og skal krafa byggð á verðlagi samnings og skal hún koma fram áður en framkvæmd breytingar hefst. Leiði breyting til lækkaðs kostnaðar, getur verkkaupi á sama máta krafist lækkunar á samningsfjárhæð, enda sé sú krafa gerð þegar í stað og á sama grundvelli og áður er lýst um aukinn kostnað. Aðilar skulu semja um þá hækkun eða lækkun samningsfjárhæðar, sem leiðir af kröfum verkkaupa um breytingar áður en vinna við verkliðinn hefst, en ekki skal sú samningsgerð valda töfum á framkvæmdum.

Í ofangreindu skriflegu samkomulagi skal tekið fram hvort verktaki á rétt á framlengingu skilafrests og þá hve mikla, sama gildir ef um styttingu verktíma yrði að ræða.

Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar. Greiðslur fyrir aukaverk skulu fylgja tilboðsverðum að svo miklu leyti, sem hægt er að koma því við.

Ef um breytingar er að ræða, sem samið er um að verktaki vinni í tímavinnu, skal hann tilkynna verkkaupa hvenær verkið verður unnið og af hverjum. Hann skal ennfremur framvísa yfirliti

fyrir slíka aukavinnu fyrir hverja vinnuviku, eða daglega eftir atvikum, þar sem skilmerkilega er tilgreint, hvaða verk hafa verið unnin og skv. hvaða töxtum, ásamt sundurliðuðum efniskostnaði ef um efnisnotkun er að ræða. Vinnulistar starfsmanna fylgi slíkum reikningum. Slíkir tímavinnureikningar skulu greiddir með framvindureikningum á tveggja vikna fresti. Vinnuseðlar vegna aukaverka skulu áritaðir og samþykktir af eftirlitsmanni verkkaupa.

#### 0.5.4 Frestir – Tafabætur (dagsektir), féviti

Verktaki skal ljúka öllu verki sínu og einstökum áföngum á tilskildum tíma samkvæmt samþykktri verkáætlun, sjá lið 0.1.7, Framkvæmdatími – Verklok. Að öðrum kosti skal hann greiða verkkaupa tafabætur (dagsektir) er nema 80 þús.kr fyrir hvern almanaksdag sem skil einstakra áfanga dragast að uppgæfnum fresti liðnum. Verkkaupi áskilur sér einnig rétt til að beita sektarákvæðum vegna tafa í hreinsun svæða, sjá nánar í liðum 1.1.3 og 1.1.4, vegna upphirðu og losun efnis.

Verkkaupa er heimilt að halda eftir af hverjum reikningi fyrir áföllnum tafabótum eða öðru féviti. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnum tafabótum, þá er hann í fullum rétti að innheimta þær við framkvæmd lokauppgjors.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu verktíma og hafi sannanlega tilkynnt verkkaupa það, skv. grein 0.1.7 skal verkkaupi eins fljótt og kostur er svara orðsendingu verktaka. Í svari verkkaupa skal koma fram hvort hann hyggst beita ákvæðum um töku dagsekta (tafabóta), sem þá yrðu dregnar af næsta reikningi eða við framkvæmd lokauppgjors. Svar verkkaupa skal vera ábyrgðarbréf eða bókun á verkfundi.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að rifta samningi ef verktaki sýnir ítrekaða og alvarlega vanrækslu og sinnir ekki viðvörunum verkkaupa.

#### 0.5.5 Greiðslur, magntölur og reikningsskil

Reikning skal gera samkvæmt verkstöðu og einingaverðum magnskrár þannig að skilmerkilega komi fram hvaða liði og magn er verið að innheimta hverju sinni. Við mat á verkstöðu skal haft samráð við verkkaupa svo að leiðrétting tefji ekki reikninga.

Greitt verður fyrir reiknað magn skv. fyrirbyggjandi mælingum, m.a. af loftmyndum til uppgjors. Leiki vafi á réttmæti mælinga skal mæling fara fram af fulltrúum frá verkkaupa og verktaka í sameiningu. Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa með nægum fyrirvara hvenær óskað sé mælingar. Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa magnbreytingar sem verða í einstökum verkþáttum jafnskjótt og hann verður aukningarinnar var. Verktaki skal ekki vinna frekar við viðkomandi verkþátt fyrr en eftirlitsaðili verkkaupa hefur heimilað að vinnan verði innt af hendi með óbreyttu móti.

Greiðslutímabil eru 3-4 á hverju ári vegna vinnu við verk þetta. Garðyrkjustjóri samþykkir hvern uppgjorsseðil fyrir sig. Samþykkt garðyrkjustjóra á greiðslu til verktaka felur ekki í sér viðurkenningu á því að verkið hafi verið leyst fullkomlega af hendi. Verktaki skal gera reikning samhljóða uppgjorsseðli og senda afrit með honum.

Reikninga skal stíla á:

**Garðabæ, kt. 570169 – 6109**

**B.t. Garðyrkjustjóra**

**Garðatorgi 7**

**210 Garðabæ**

Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlega samþykkt á reikningsupphæð.

Verkkaupi mun ekki samþykkja neina greiðslu til verktaka fyrr en hann hefur afhent verktryggingu. Sjá grein 0.6.2.

Ef verktaki hefur ekki skrifað undir verksamning er heimilt að neita greiðslu reiknings þangað til verksamningur hefur verið undirritaður af honum.

Varðandi breytingu á skiladegi vísast til greinar 0.1.7.

**0.5.6 Verðlagsgrundvöllur**

Grunnvísitala er byggingarvísitala í apríl 2022. Verkið verðbætist ekki á árinu 2022. Verðbætur vegna árána 2023 og 2024 verða reiknaðar á verkið og greiddar, miðað við byggingarvísitölu í júní hvert ár.

**0.5.7 Fyrirframgreiðsla**

Garðabær mun ekki inna af hendi neinar fyrirframgreiðslur í verki þessu.

Ekki verður haldið eftir geymslufé.

**0.5.8 Gæðastjórnun**

Gerðar eru kröfur til verktaka um að hann tryggji gæði allra þátta verkefnisins með innra eftirliti. Það skal vera kerfisbundið, skipulagt og skjalfært og öll stjórnun og skipting ábyrgðar skilgreind. Skráð skal hverjir fari með stjórnun, hvaða þættir heyri undir hvern, hver hafi ákvörðunarvald og hver beri ábyrgð á hverju. Verktaki skal tryggja að öll aðföng til verkefnisins uppfylli settar kröfur. Skal það gert með kerfisbundnum hætti og niðurstöður skráðar.

**0.5.9 Vanefndir og uppsögn**

Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er verkkaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti verktaki nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur verkkaupi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu verktaka að ræða getur verkkaupi sagt upp samningi með mánaðar fyrirvara.

**0.5.10 Atvinnuleyfi**

Verktaki er ábyrgur fyrir því að allir starfsmenn hans og hans undirverktaka hafi atvinnuleyfi sem tryggir þeim rétt til að vinna að verkefninu. Ennfremur er verktaki ábyrgur fyrir því að íslenskum lögum og reglum um kjör starfsmanna og aðbúnað allan sé fylgt. Verkkaupi skal geta óskað eftir staðfestingu á þessu hvenær sem er, t.d. í samvinnu við Vinnumálastofnun og ASÍ.

**0.5.11 Yfirlýsing**

Þjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn þjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun þjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Þjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

**0.6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL****0.6.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld**

Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Ennfremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur.

Verktaki skal leggja fram skírteini um ábyrgðartryggingu fyrir tjóni er hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila.

Alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni, skal verktaki bæta að fullu, enda setji hann fyrir því þá tryggingu, sem verkkaupi tekur gilda þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu. Auk þess ber verktaka að sjá um að undirverktakar hafi sambærilegar ábyrgðartryggingar.

Meðan á framkvæmd verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram á verktaki að hafa og kosta allar nauðsynlegar vátryggingar sem leiða af framkvæmd þessari.

Slysatryggingu starfsmanna sinna skal verktaki annast og kosta, sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu. Hvenær sem er á framkvæmdatíma verksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar á, að lögboðin gjöld s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjald, virðisaukaskattur, lífeyrissjóður, o.s.frv. séu í skilum.

Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af tryggingarskírteinum fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir vegna verksins á hverjum tíma, ásamt staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum. Séu vátryggingaupphæðir of lágar að dómi verkkaupa, skulu þær tafarlaust hækkaðar til sannvirðis á kostnað verktaka.

### 0.6.2 Framkvæmdatrygging – verktrygging

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa eigi síðar en við undirritun verksamnings bankatryggingu að upphæð 10% samningsfjárhæðar eða aðra tryggingu sem verkkaupi metur jafngóða.

Trygging þessi skal standa verktímabilið og þar til lokaúttekt viðkomandi árs hefur farið fram.

Trygginguna skal endurnýja í upphafi hvers verktímabils.

Óheimilt er að lækka eða fella niður verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi frá verkkaupa.

Ofangreindar tryggingar skulu þannig orðaðar, að verkkaupi geti innleyst þær án undangengins dómsúrskurðar, og greiðsla skuli fara fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, sbr. eyðublað fyrir verktryggingu.

Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en hann hefur afhent tilskilda verktryggingu.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

### 0.6.3 Veðsetningar – eignarréttarfyrrvarar

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum.

### 0.6.4 Misræmi í gögnum

Komi fram villur í útboðsgögnum, er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Leiði villan til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu.

Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrskurðar.

### 0.6.5 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Reykjaness. Kostnaður við aðgerðir samkvæmt grein þessari skal ákveðinn af dómnum sjálfum svo og hver skuli greiða þann kostnað.

Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til Gerðardóms VFÍ til fullnaðarúrskurðar.



Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa sbr. IST 30.

## 0.7 VINNUSTAÐUR

Orðin vinnustaður, vinnusvæði, framkvæmdastaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum útboðsgögnum.

### 0.7.1 Athafnasvæði

Vinnusvæði eru þau svæði sem sýnd eru á meðfylgjandi sérteikningum. Ekki er heimilt að nota aðliggjandi götur eða lóðir sem vinnusvæði.

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hættu af á vinnusvæðinu, sjá einnig kafla 0.7.5 um öryggisráðstafanir. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til kafla 0.7.4.

### 0.7.2 Aðstaða

Verktaki skal, leggja til alla nauðsynlega aðstöðu fyrir starfsmenn sína og til geymslu á vélum og efni, t.d. eldsneyti.

### 0.7.3 Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira

Verktaki skal leggja til og kosta öll áhöld, vélar, verkfæri, ljós, hita og orku, sem til þarf við framkvæmdirnar, ennfremur allan flutning á mönnum, tækjum og efni.

### 0.7.4 Umgengni á vinnusvæði

Verktaki skal ávallt sjá um að allt slegið gras sé fjarlægt jafnóðum. Gras eða önnur óhreinindi sem berast af völdum verktaka á götur, stíga eða lóðir, skal hann tafarlaust hreinsa (sjá nánar í lið 1.1.4).

Verktaki skal sjá til þess að umhirða á vinnusvæðum sé ávallt góð og skal verktaki fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanna þar að lútandi. Um almenna umgengni og umhirðu á vinnusvæðum vísast að öðru leyti til ÍST 30.

### 0.7.5 Öryggi á vinnusvæði

Verktaki skal gæta ítrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við fulltrúa verkkaupa um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir eftirlitsmann tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera m.a. vegna umferðar við vinnustað. Sér verktaki síðan um að varúðarráðstöfunum þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ítrasta.

Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ítrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað.

Áður en sláttur hefst skal verktaki kynna sér viðkomandi svæði og fjarlægja aðskotahluti af þeim. Verktaki skal forðast á þennan hátt steinkast, sem hann ber alfarið ábyrgð á.

Verktaki ber ábyrgð á að starfsmenn hans séu útbúnir öllum nauðsynlegum öryggis- og hlífðarfatnaði í samræmi við reglur vinnueftirlits.

Gerð er sérstök krafa um að starfsmenn verktaka séu ávallt í sýnileikafatnaði sem uppfyllir EN-471 staðal.

Verktaki skal gæta sérstaklega að umferð gangandi fólks og barna.

Verkkaupi leggur mikla áherslu á að starfsmenn verktaka virði öryggisreglur og reglur um notkun persónuvarna. Brjótí einstakir starfsmenn verktaka þessar reglur getur eftirlitsmaður verkkaupa krafist þess að þeir víki frá verkinu.

### 0.7.6 Réttindi, skírteini og tryggingar

Verktaki skal skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna, skoðunarskírteinum vinnuvéla og tryggingavottorðum sé þess óskað.

### 0.7.7 Viðbrögð við brotum á öryggisreglum

Við brot á þeim reglum sem settar eru fram í þessum útboðsgögnum áskilur verkkaupi sér rétt til að vísa starfsmanni/starfsmönnum sem brotlegir eru af vinnusvæði og/eða fresta greiðslum þar til bætt hefur verið úr þeim öryggisatriðum sem áfátt er í einhverjum atriðum.

## 0.8 FRÁGANGUR OG GÆÐI VERKS

### 0.8.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

Verktaki skal tilkynna verkkaupa hver verður yfirstjórnandi verksins, verkstjóri og tæknilegur ráðgjafi.

Með verkstjórn skal fara reyndur verkstjóri sem verkkaupi viðurkennir og skal hann hafa fullt umboð verktaka. Verkstjórnin skal ávallt vera á vinnustað meðan framkvæmdir fara fram eða annar í hans stað í forföllum. Verkstjóri skal frá upphafi kynna sér vandlega alla uppdætti og lýsingar. Verkstjórnin skal hafa á hendi alla daglega verkstjórn og fylgja því eftir, að öll verk séu rétt og faglega unnin og samkvæmt uppdráttum og lýsingum.

Verktaki skal gera ráð fyrir, að þurfa að mæta á reglulega fundi meðan á verkinu stendur. Verkfundarstaður er ákveðinn af verkkaupa. Verktaka er heimilt að láta verkstjóra mæta fyrir sig. Verktaki sér um að þeir sem verkkaupi óskar eftir að mæti á þessa fundi séu boðaðir, en verkstjórnin skal í öllum tilfellum mæta á verkfundina.

Leita skal samþykkis verkkaupa á verkstjórnendum og tæknilegum ráðgjöfum.

Verktaki skal halda dagbók yfir verkið. Í hana skal skrá þau verkefni sem framkvæmd eru hvern dag, hversu margir starfsmenn komu að verkinu, tæki, veðurfar og annað sem þýðingu hefur fyrir framgang verksins. Einnig skal verktaki skrá þar fyrirspurnir sínar og ábendingar til eftirlits, og fulltrúi verkkaupa útskýringar sínar. Getur hvor aðili um sig óskað undirritunar hins til staðfestingar á því að þessi skilaboð hafi komist til skila.

### 0.8.2 Gæði verksins

Öll vinna, efni og tæki/vélar til verksins skulu vera í samræmi við kröfur útboðsgagna. Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf.

Ef eitthvert einstakt verk er illa af hendi leyst, sbr. ofangreint, að dómi verkkaupa, getur eftirlitsmaður verkkaupa hvenær sem er krafist þess, að verkið verði unnið að nýju á kostnað verktaka, þótt ekki sé komið að úttekt á verkinu.

Eftirlitsmaður verkkaupa getur sett tímatakmark um hvenær það sem áfátt er talið, skal vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram, sem eftirlitsmaður óskar eftir.

### 0.8.3 Úttekt

Úttektir eru gerðar með óreglulegu millibili. Dagbók verktaka verður sérstaklega skoðuð og árituð. Við lokaúttekt hvers árs skal gerð sérstök skoðun á verkinu í heild. Sérstaklega verður fylgst með og skoðað hvort einhverjar skemmdir hafi orðið á gróðri eða mannvirkjum sem beint megj rekja til vinnu verktaka eða starfsmanna hans.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en lokaúttekt hefur farið fram. Ennfremur skal verktaki fyrir lokaúttekt hvers árs hafa lokið brottflutningi tækja og efnis af svæðinu.

Verktaki ásamt fulltrúum verkkaupa skulu við lokaúttekt, hvers árs, yfirfara allt verkið og staðfesta að verktaki hafi lokið öllu verki sínu í samræmi við samningsgögnin.

Sé eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar eða teikningar, ákveður verkkaupi hvort verktaka er gefinn nýr frestur til að ljúka því sem vangert er, eða hvort það skuli metið til verðs af fulltrúum verkkaupa og dregst sú upphæð frá samningsupphæðinni.

Verkkaupi mun nota rafrænt kerfi við úttektir, umsjón og eftirlit. Þjóðandi skal gera ráð fyrir að þurfa að gera skráningar í kerfið og taka við ábendingum, athugasemdum o.fl. Verkkaupi mun kynna kerfið fyrir þjóðanda áður en verkið hefst.

**0.9 VIÐAUKAR (sótt á vefsíðu Garðabæjar)**

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/utbod/utbod-i-auglysingu/slattur-og-hirding-i-gardabae>

**0.9.1 Loftmyndskrá**

Loftmyndir vegna: Útboðssvæði 1, Útboðssvæði 2 og Útboðssvæði 3 Hljóðmanir.

**0.9.2 Umhirðuplan**

- Útboðssvæði 1 - Umhirðuplan grassvæða 2022.
- Útboðssvæði 2 - Umhirðuplan grassvæða 2022.
- Útboðssvæði 3 - Umhirðuplan hljóðmana 2022.

Umhirðuplan inniheldur upplýsingar um:

- Númer svæðis.
- Staðsetningu svæðis.
- Sláttustig (sláttutíðni) svæðis.
- Stærð viðkomandi svæðis í m<sup>2</sup>.

**0.9.3 Verkáætlanir**

- Verkáætlun grassvæða 2022.
- Verkáætlun hljóðmana 2022.

## 1. VERKLÝSING

### 1.1 Almennt

Verkið felur í sér grasslátt og hirðu á tilteknum svæðum í Garðabæ, eins og sýnt er á loftmyndum á vefsíðu Garðabæjar. Verktaki annast eingöngu þá verkþætti sem koma fram í eftirfarandi verklýsingu (sjá lið 1.2). Helstu verkefni verktaka eru grassláttur og heyhirða.

#### 1.1.1 Almenn ákvæði og skyldur

Verktaki skal taka tillit til íbúa og notenda þeirra svæða sem um ræðir eins og kostur er. Gæta ber fyllsta öryggis við athafnir og störf.

Sérstaklega skal gæta að sér við vinnu í vætutíð og skulu verktaki og eftirlitsmaður verkkaupa meta aðstæður á hverju svæði m.t.t. véla og sláttuhæðar, þ.e.a.s. hvort ráðlegt sé að tæki aki inn á svæði til sláttar eða hirðu.

#### 1.1.2 Tilhögun vinnutíma

Heimilt er að vinna á tímabilinu 07:00 – 22:00 virka daga en 10:00 – 22:00 laugardaga, sunnudaga og aðra helga daga.

#### 1.1.3 Sérstakir dagar eða helgar

17. júní og verslunarmannahelgin eru dagsetningar sem sérstaklega þarf að gæta að og hafa snyrtilegt fyrir. Verktaki skal hafa lokið slætti, heyhirðu og öllum þeim störfum sem vinna skal á viðkomandi tímum og þ.m.t. hafa fjarlægt allt efni, fyrir þessar dagsetningar. Verktaka ber að fjarlægja vélar á hans vegum strax að lokinni vinnu og er óheimilt að geyma vélar á svæðunum.

Verkkaupi leggur sérstaka áherslu á að verktaki skal fjarlægja alla heypoka, eða önnur þau ílát sem hann notar, fyrir lok vinnudags. Ekki er heimilt að láta heypoka eða önnur ílát liggja á sláttusvæðum yfir nætur eða helgar.

Vanræki verktaki ofangreind atriði áskilur verkkaupi sér rétt til að beita sektarákvæðum þeim sem koma fram í lið 0.5.4. Verkkaupa er heimilt að halda eftir af hverjum reikningi fyrir áföllnum tafabótum. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnum tafabótum, þá er hann í fullum rétti að innheimta þær við framkvæmd lokauppgjors.

#### 1.1.4 Upphirða og losun efnis

Verktaki skal hirða upp allt hey og annað tilfallandi efni eins fljótt og kostur er og fjarlægja alla plastpoka eða önnur þau ílát sem hann notar, fyrir lok hvers vinnudags.

Staðsetning á plastpokum eða öðrum ílátum, sem verktaki safnar á einn stað og fjarlægir í lok dags, skal ákveðin í samráði við fulltrúa verkkaupa.

Verktaki skal losa hey og annað lífrænt efni (flokkað) á jarðgerðarsvæði Garðyrkjustjóra Garðabæjar við Álftanesveg. (sjá ennfremur í lið, 0.5.2)

Vanræki verktaki ofangreind atriði áskilur verkkaupi sér rétt til að beita sektarákvæðum, eða gera úrbætur á kostnað verktaka samanber það sem kemur fram í lið 0.5.4. Verkkaupa er heimilt að halda eftir af hverjum reikningi fyrir áföllnum tafabótum. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnum tafabótum, þá er hann í fullum rétti að innheimta þær við framkvæmd lokauppgjors.

#### 1.1.5 Tillit til gangandi og akandi

Truflun á umferð um götur, sem unnið er við, svo og í nærliggjandi götum skal haldið í lágmarki. Ef fyrirséð er að framkvæmdir geti tafið umferð slökkviliðs, skal verktaki sjálfur tilkynna þeim aðila það. Lokun götu fyrir umferð er óheimil nema með leyfi lögreglu og eftirlitsmanns hverju sinni. Ef lokun er heimiluð af eftirlitsmanni skal verktaki sjá um að afla heimildar lögreglu. Í þeim tilvikum skal leitast við að gera lóðarhöfum kleift að komast að eignum sínum. Við slátt í íbúðarhverfum eða á öðrum svæðum þar sem börn eru við leik skal verktaki sýna sérstaka aðgát við framkvæmdir.

#### 1.1.6 Umgengni við gróður og mannvirki

Mikilvægt er að verktaki sýni aðgát við allar framkvæmdir. Verktaki ber ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur, sbr. lið 0.6.1.

Fylgja skal leiðbeiningum um sláttuhæðir sem fram koma í liðum, 1.3.1, 1.3.2, 1.4.1, 1.4.2 og 1.5.1. Valdi verktaki skemmdum á grassvæðum, t.d. með röngum slætti eða vélbúnaði skal hann bæta þær að fullu. Bætur eða lagfæringar skulu ákveðnar og/eða unnar í samráði við fulltrúa verkkaupa. Lagfæringar skulu uppfylla kröfur sem fram koma í *Gæðalýsingum og leiðbeinandi viðmiðum Garðabæjar – Almennar gæðalýsingar og leiðbeinandi viðmið vegna grassvæða og trjágróðurs 2013*.

Einnig skal verktaki sýna sérstaka aðgát við framkvæmdir í nágrenni við önnur gróðursvæði, t.d. við trjá- og runnagróður. Verktaki skal bæta það tjón sem hann veldur að fullu og á það við um allan gróður sem og annað.

Tjón á trjá- og runnagróðri, t.d. skaðar á stofni, berki, rótarhálsi og/eða stærri greinum, sem rýrir lífsgæði og endingu viðkomandi plöntu skal bætt að fullu. Notuð verður reiknireglan: Stakstæð tré, bætur = innkaupsverð á 1 m háu tré sömu tegundar sinnum árafjöldi á staðnum.

Runnagróður, bætur = innkaupsverð á runna sömu tegundar sinnum árafjöldi á staðnum.

Við skemmdum á blómplöntum, t.d. fjölæringum og sumarblómum sem eftirlitsmaður metur það miklar að skipta þurfi um plöntu skal notuð reiknireglan: innkaupsverð á plöntu plús kostnaður við gróðursetningu.

Bætur vegna ofangreindra skemmda í hverju tjóni eru þó aldrei lægri en kr. 80.000.

Ofangreindum bótagreiðslum verður haldið eftir við næstu greiðslu. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnum kostnaði, þá er hann í fullum rétti að innheimta þær við framkvæmd lokauppgjörs.

#### 1.1.7 Dagbók verktaka

Verktaki skal færa dagbók vegna verkefnisins, eins og lýst er í lið: 0.8.1.

Dagbók/uppgjörssæðli skal skilað til eftirlitsmanns, til áritunar, að morgni fyrsta vinnudags hverrar viku.

#### 1.1.8 Tæki og vélbúnaður og umgengni

Við grasslátt og hirðingu skal nota sérútbúin vélknúin tæki svo sem traktora með grassafnara, sláttuvagnar, sláttuvélar, sláttuorf og önnur tæki sem henta og verkkaupi samþykkir.

Tækin skulu vera vel útlítandi, ávallt í góðu ástandi og skal ljár vera vel brýndur.

- Ekki er leyfilegt að nota sláttutæki með tví- eða fjölklippibúnaði (multiclip) og láta slægju liggja, nema með sérstöku leyfi verkkaupa.
- Ekki er leyfilegt að nota sláttuþylur.
- Ekki er leyfilegt að nota biluð tæki, t.d.
  - Tæki með biluðum öryggis- og/eða hlífðarbúnaði.
  - Tæki sem leka eldsneyti eða glussa.
  - Tæki sem valda óeðlilega miklum hávaða eða mengun.
  - Tæki sem valda skemmdum á grassverði.

Verktaka ber að hætta tafarlaust notkun slíkra tækja og gera viðhlýtandi ráðstafanir.

Verktaki skal hafa full umráð yfir þeim vélknúnu tækjum sem nauðsynleg eru til að framkvæma þá vinnu sem óskað er eftir samkvæmt verklýsingu þessari.

Verktaki skal haga slætti þannig að gras þeytist ekki inn á gangstéttar, götur eða lóðir. Ef slíkt hendir skal verktaki hreinsa það upp tafarlaust.

Við áfyllingu eldsneytis, olíu eða annarra olíuefna skal gæta sérstakrar varúðar og hindra að nokkuð fari framhjá og lendi á jörðu. Nota skal örugg og góð ílát með lokum eða töppum sem búin eru barnalæsingum.

Eldsneyti eða önnur hættuleg efni má verktaki aldrei skilja eftir eftirlitslaust á svæði heldur skal geyma slík efni í læstu hólfi bifreiðar eða á öðrum öruggum stað.

Verktaki skal hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda tækja til að ljúka verkinu á tilskildum tíma.

**Verktaki skal tilgreina vélar og tæki í tilboðsskrá.**

## 1.2 Grassláttur

Undirflokkar grassvæða í verki þessu eru 4 talsins. Þeim verkþáttum sem tilheyra viðkomandi flokki er lýst hér að neðan. Við alla vinnu skal farið eftir eftirfarandi lýsingum.

### 1.2.1 Útboðssvæði 1

Um er að ræða grassvæði sem slegin eru á tveggja og þriggja vikna fresti, þ.e. sláttustig 1, 2 og 3. Sjá nánar í umhirðuplani Garðyrkjustjóra.

Athugið. Sláttustig 3 er svæði merkt 17 15 í umhirðuplani og á loftmynd vegna útboðssvæðis 1 og er einnig slegið af Vegagerðinni, þ.e. Vegagerðin sér um 4 slætti en verktaki skal gera ráð fyrir 3 sláttum. Nánar útfært í samráði við Garðyrkjustjóra Garðabæjar.

### 1.2.2 Sláttustig 1 (slegið á tveggja vikna fresti)

Viðmiðunar fjöldi slátta er 7 skipti á ári. Viðmiðunarhæð sláttar er 4 cm en grasið skal aldrei slegið neðar en í 3,5 cm (mælt frá rótarhálsi). Nota skal hefðbundinn sláttubúnað sem uppfyllir öll skilyrði í lið 1.1.8. Sé notaður tvíklippi- eða fjöklippibúnaður skal tryggja að gras falli vel ofan í grassvörðinn og hvergi séu grashraukar á yfirborði.

Samtímis ofangreindu skal nota vélorf á svæðum sem ekki nást með öðrum vélum, t.d. við kanta, ljósastaura og aðra fylgihluti svæðanna. Í öllum tilvikum skal tafarlaust raka upp og fjarlægja það gras af svæðunum sem ekki fellur vel ofaní grassvörðinn. Sýna skal aðgát við slátt í nálægð við tré og annan gróður. Skemmdir á gróðri skal bæta samkvæmt lið 1.1.6.

Allt gras innan flokksins skal slegið samtímis en ekki skilið eftir hærra gras við staura, kanta eða aðrar hindranir.

Tæki sem notuð eru til verksins skulu útbúin grasdekkjum þannig að þjöppun verði lágmörkuð.

Hirða skal upp allt hey og annað tilfallandi efni eins fljótt og kostur er og fjarlægja alla plastpoka eða önnur þau ílát, fyrir lok vinnudags, í samræmi við liði 1.1.3 og 1.1.4.

Hreinsa skal upp og fjarlægja allt grjót af flötinni sem er af þeirri stærð og grófleika að valdið getur skemmdum á vélum eða kastast til og valdið hættu.

*Greitt verður fyrir hvern fermetra af slegnu grassvæði sem skilgreint hefur verið í útboðsgögnum. Innifalinn í einingaverði skal vera allur kostnaður, efni og vinna með virðisaukaskatti.*

### 1.2.3 Sláttustig 2 (slegið á þriggja vikna fresti)

Viðmiðunar fjöldi slátta er 5 skipti á ári. Viðmiðunarhæð sláttar er 4 cm en grasið skal aldrei slegið neðar en í 3,5 cm (mælt frá rótarhálsi). Nota skal hefðbundinn sláttubúnað sem uppfyllir öll skilyrði í lið 1.1.8. Ekki er leyfilegt að nota tvíklippi- eða fjöklippibúnað og gras látið liggja (Nema að um annað sé samið við Garðyrkjustjóra).

Samtímis ofangreindu skal nota vélorf á svæðum sem ekki nást með öðrum vélum, t.d. við kanta, ljósastaura o.fl. Í öllum tilvikum skal tafarlaust raka upp og fjarlægja það gras sem ekki fellur vel ofan í grassvörðinn. Sýna skal aðgát við slátt í nálægð við tré og annan gróður. Skemmdir á gróðri skal bæta samkvæmt lið 1.1.6.

Allt gras innan flokksins skal slegið samtímis en ekki skilið eftir hærra gras við staura, kanta eða aðrar hindranir.

Tæki sem notuð eru til verksins skulu útbúin grasdekkjum þannig að þjöppun verði lágmörkuð.

Hirða skal upp allt hey og annað tilfallandi efni eins fljótt og kostur er og fjarlægja alla plastpoka eða önnur þau ílát, fyrir lok vinnudags, í samræmi við liði 1.1.3 og 1.1.4.

Hreinsa skal upp og fjarlægja allt grjót af flötinni sem er af þeim grófleika að valdið getur skemmdum á vélum eða kastast til og valdið hættu.

*Greitt verður fyrir hvern fermetra af slegnu grassvæði sem skilgreint hefur verið í útboðsgögnum. Innifalinn í einingaverði skal vera allur kostnaður, efni og vinna með virðisaukaskatti.*

#### 1.2.4 Sláttustig 3 (slegið með Vegagerðinni)

Um er að ræða svæði merkt 17 15 í umhirðuplani og á loftmynd. Vegagerðin sér um 4 slætti en verktaki skal gera ráð fyrir 3 sláttum. Nánar útfært í samráði við Garðyrkjustjóra Garðabæjar.

**Viðmiðunarfjöldi slátta á svæðinu er 7 skipti á ári. Þar af sér Vegagerðin um 4 slætti en bjóðandi skal gera ráð fyrir 3 sláttum.**

Viðmiðunarhæð sláttar er 4 cm en grasið skal aldrei slegið neðar en í 3,5 cm (mælt frá rótarhálsi). Nota skal hefðbundinn sláttubúnað sem uppfyllir öll skilyrði í lið 1.1.8. Sé notaður tvíklippi- eða fjöklippibúnaður skal tryggja að gras falli vel ofan í grassvörðinn og hvergi séu grashraukar á yfirborði.

Samtímis ofangreindu skal nota vélorf á svæðum sem ekki nást með öðrum vélum, t.d. við kanta, ljósastaura og aðra fylgihluti svæðanna. Í öllum tilvikum skal tafarlaust raka upp og fjarlægja það gras af svæðunum sem ekki fellur vel ofaní grassvörðinn. Sýna skal aðgát við slátt í nálægð við tré og annan gróður. Skemmdir á gróðri skal bæta samkvæmt lið 1.1.6.

Allt gras innan flokksins skal slegið samtímis en ekki skilið eftir hærra gras við staura, kanta eða aðrar hindranir.

Tæki sem notuð eru til verksins skulu útbúin grasdekkjum þannig að þjöppun verði lágmörkuð.

Hirða skal upp allt hey og annað tilfallandi efni eins fljótt og kostur er og fjarlægja alla plastpoka eða önnur þau ílát, fyrir lok vinnudags, í samræmi við liði 1.1.3 og 1.1.4 .

Hreinsa skal upp og fjarlægja allt grjót af flötinni sem er af þeirri stærð og grófleika að valdið getur skemmdum á vélum eða kastast til og valdið hættu.

*Greitt verður fyrir hvern fermetra af slegnu grassvæði sem skilgreint hefur verið í útboðsgögnum. Innifalinn í einingaverði skal vera allur kostnaður, efni og vinna með virðisaukaskatti.*

### 1.3 Útboðssvæði 2

Um er að ræða grassvæði sem slegin eru á tveggja og þriggja vikna fresti, þ.e. sláttustig 1 og 2. Sjá nánar í umhirðuplani Garðyrkjustjóra.

#### 1.3.1 Sláttustig 1 (slegið á tveggja vikna fresti)

Viðmiðunarfjöldi slátta er 7 skipti á ári. Viðmiðunarhæð sláttar er 4 cm en grasið skal aldrei slegið neðar en í 3,5 cm (mælt frá rótarhálsi). Nota skal hefðbundinn sláttubúnað sem uppfyllir öll skilyrði í lið 1.1.8. Sé notaður tvíklippi- eða fjöklippibúnaður skal tryggja að gras falli vel ofan í grassvörðinn og hvergi séu grashraukar á yfirborði.

Samtímis ofangreindu skal nota vélorf á svæðum sem ekki nást með öðrum vélum, t.d. við kanta, ljósastaura og aðra fylgihluti svæðanna. Í öllum tilvikum skal tafarlaust raka upp og fjarlægja það gras af svæðunum sem ekki fellur vel ofaní grassvörðinn. Sýna skal aðgát við slátt í nálægð við tré og annan gróður. Skemmdir á gróðri skal bæta samkvæmt lið 1.1.6.

Allt gras innan flokksins skal slegið samtímis en ekki skilið eftir hærra gras við staura, kanta eða aðrar hindranir.

Tæki sem notuð eru til verksins skulu útbúin grasdekkjum þannig að þjöppun verði lágmörkuð.

Hirða skal upp allt hey og annað tilfallandi efni eins fljótt og kostur er og fjarlægja alla plastpoka eða önnur þau ílát, fyrir lok vinnudags, í samræmi við liði 1.1.3 og 1.1.4 .

Hreinsa skal upp og fjarlægja allt grjót af flötinni sem er af þeirri stærð og grófleika að valdið getur skemmdum á vélum eða kastast til og valdið hættu.

*Greitt verður fyrir hvern fermetra af slegnu grassvæði sem skilgreint hefur verið í útboðsgögnum. Innifalinn í einingaverði skal vera allur kostnaður, efni og vinna með virðisaukaskatti.*

#### 1.3.2 Sláttustig 2 (slegið á þriggja vikna fresti)

Viðmiðunarfjöldi slátta er 5 skipti á ári. Viðmiðunarhæð sláttar er 4 cm en grasið skal aldrei slegið neðar en í 3,5 cm (mælt frá rótarhálsi). Nota skal hefðbundinn sláttubúnað sem uppfyllir öll skilyrði í lið 1.1.8. Ekki er leyfilegt að nota tvíklippi- eða fjöklippibúnað og gras látið liggja (Nema að um annað sé samið við Garðyrkjustjóra).

Samtímis ofangreindu skal nota vélorf á svæðum sem ekki nást með öðrum vélum, t.d. við kanta, ljósastaura o.fl. Í öllum tilvikum skal tafarlaust raka upp og fjarlægja það gras sem ekki fellur vel ofan í grassvörðinn. Sýna skal aðgát við slátt í nálægð við tré og annan gróður. Skemmdir á gróðri skal bæta samkvæmt lið 1.1.6.

Allt gras innan flokksins skal slegið samtímis en ekki skilið eftir hærra gras við staura, kanta eða aðrar hindranir.

Tæki sem notuð eru til verksins skulu útbúin grasdekkjum þannig að þjöppun verði lágmörkuð.

Hirða skal upp allt hey og annað tilfallandi efni eins fljótt og kostur er og fjarlægja alla plastpoka eða önnur þau ílát, fyrir lok vinnudags, í samræmi við liði 1.1.3 og 1.1.4.

Hreinsa skal upp og fjarlægja allt grjót af flötinni sem er af þeim grófleika að valdið getur skemmdum á vélum eða kastast til og valdið hættu.

*Greitt verður fyrir hvern fermetra af slegnu grassvæði sem skilgreint hefur verið í útboðsgögnum. Innifalinn í einingaverði skal vera allur kostnaður, efni og vinna með virðisaukaskatti.*

#### **1.4 Útboðssvæði 3**

Um er að ræða grasmanir sem slegnar eru 4 sinnum á ári. Sjá nánar í umhirðuþlani Garðyrkjustjóra.

##### **1.4.1 Grasmanir (slegið á fjögurra vikna fresti)**

Viðmiðunarfjöldi slátta og heyhirðu er 4 skipti á ári, sjá nánar í verkáætlun verkkaupa. Viðmiðunarhæð sláttar er 4 cm en grasið skal aldrei slegið neðar en í 3,5 cm (mælt frá rótarhálsi). Nota skal vélorf eða annan sérhæfðan sláttubúnað sem slegið getur í halla.

Sýna skal sérstaka aðgát við slátt í nálægð við tré og annan gróður. Skemmdir á gróðri skal bæta samkvæmt lið 1.1.6.

Allt gras innan flokksins skal slegið samtímis en ekki skilið eftir hærra gras við staura, kanta eða aðrar hindranir.

Hirða skal upp allt hey og annað tilfallandi efni eins fljótt og kostur er og fjarlægja alla plastpoka eða önnur þau ílát, fyrir lok vinnudags, í samræmi við liði 1.1.3 og 1.1.4.

Hreinsa skal upp og fjarlægja allt grjót af mönum sem er af þeim grófleika að valdið getur skemmdum á vélum eða kastast til og valdið hættu.

*Greitt verður fyrir hvern fermetra af slegnu grassvæði sem skilgreint hefur verið í útboðsgögnum. Innifalinn í einingaverði skal vera allur kostnaður, efni og vinna með virðisaukaskatti.*



## 2. FYLGISKJÖL

### 2.1 Form framkvæmdatryggingar

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist Garðabæ, sem verkkaupa greiðslu á allt að

kr. \_\_\_\_\_ (10% samningsupphæðar) (skrifuð upphæð) sem tryggingu fyrir því, að

---

---

(verktaki) inni í einu og öllu af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við verk samkvæmt útboðsgögnum, merkt:

#### “Sláttur og hirðing í Garðabæ 2022-2024”

Tryggingarupphæðin verður verðtryggð á sama hátt og samningsupphæð verksamningsins.

Ábyrgðartrygging þessi er sett samkvæmt ákvæðum verksamnings dags. ....2022 og skal standa meðan verkið er í framkvæmd.

Verkkaupi getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengis dóms, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram hafa komið á verki verktaka, eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamnings og skal greiðslan fara fram strax og hennar er krafist.

\_\_\_\_\_ 2022

\_\_\_\_\_

(undirskrift)

Vitundarvottar:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_